

Alþingi
Erindi nr. P 139/1799
komudagur 28. 3. 2011

Reykjavík 25. mars 2011

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

UMSÖGN FÉLAGS ÍSLENSKRA SAFNAFRÆÐINGA

Félag íslenskra safnafræðinga hefur fengið til umsagnar tillögu til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi, 283. mál.

Félagið bendir á að til eru lög um Náttúruminjasafn Íslands, lög nr. 35 27. mars 2007. Tillaga til þingsályktunar um uppbyggingu Náttúrugripasafns Íslands á Selfossi veur því spurningar.

Málinu til stuðnings vísa flutningsmenn tillögunnar til staðfestingar núverandi forstöðumanns Náttúrufræðistofnunar um að „staðsetning Náttúrugripasafns Íslands þurfi ekki að vera í neinu tengd staðsetningu Náttúrufræðistofnunar þótt uppbygging Náttúrugripasafnsins sjálfs yrði að sjálfsögðu í fullri samtengingu og samráði við Náttúrufræðistofnun.“

Félag íslenskra safnafræðinga er þessu algjörlega ósammála og bendir á að í skilgreiningu Alþjóðaráðs safna/ICOM á safni kemur fram að rannsóknir séu einn af grunnþáttum safns og safnastarfs; „Söfn eru stofnanir með fastan rekstur sem ekki eru reknar til ágóða heldur til þjónustu við samfélagið og til framgangs þess, eru opnar almenningi og safna til sín efnislegum heimildum, viðhalda, rannsaka, miðla og sýna, til menntunarauka eða ánægju, það sem til vitnis er um fólk og umhverfi þess, hvort tveggja hið sýnilega og hið ósýnilega.“

Eðli málsins samkvæmt er farsælast að allir grunnþættir safnastarfsins fari fram innan Náttúruminjasafns Íslands. Að álitum félagsins er eðlilegast að sýningarhúsnæði verði byggt á sama stað og í tengslum við Náttúrufræðistofnun, þannig að rannsóknarþátturinn sameinaðist Náttúruminjasafni Íslands enda er gengið út frá því að hluti gripa Náttúrufræðistofnunar verði hafður til sýnis í Náttúruminjasafni Íslands.

Staðsetning Náttúruminjasafns Íslands þar sem glæsileg bygging Náttúrufræðistofnunar stendur nú í Urriðaholti myndi auðvelda aðgengi fjölda nemenda að safnkostinum og styðja jafnframt við þá uppbyggingu sem átt hefur sér stað á svæðinu. Stutt er einnig í einstæða náttúru.

Grunnhlutverk safnsins er að fræða Íslendinga um náttúruna en erlendir ferðamenn ættu einnig auðvelt með að koma í safnið á leið til eða frá Keflavíkurlflugvelli.

Félag íslenskra safnafræðinga styður þá hugmynd sem fram kemur í umræddri tillögu til þingsályktunar, að skipuð verði nefnd af Mennta- og menningarmálaráðuneytinu til að huga að fram-tíðarlausn þessa máls og bendir á að endurskoða þarf lög um Náttúruminjasafn Íslands og Náttúrufræðistofnun.

Virðingarfyllst,
f.h. Félags íslenskra safnafræðinga

Rakel Pétursdóttir, formaður

